

# Umræða um Reykjavíkurflugvöll

## Borgarstjórn 16. júní 2020

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri**

## Flugvallarkostir til skoðunar í greinargerð Gústaf E. Pálssonar, 1939:

Athugunin náði til sex staða auk Vatnsmýrarinnar, og voru sumir þeirra langt fyrir utan „takmörk bæjarins“:.

1. Kringlumýri
2.Bessastaðanes
3.„Hraunið fyrir sunnan Hafnarfjörð“
4. Sandskeið,
5. „Flatirnar norðan Rauðhóla upp að Hólmi“
6. „Melarnir hjá Ártúni“ og Vatnsmýri.

„Vér höfum ávalt talið Kringlumýrina hafa kosti fram yfir Vatnsmýrina sem flugvallarstæði, en til þessa talið vonlaust að fá þar landrými vegna smágarðahverfisins. Þeir tveir helstu kostir sem vér teljum Kringlumýrina hafa fram yfir Vatnsmýrina eru þessir: a) Það mun miklu hægara, og ekki síst fljótlegra, að ræsa fram Kringlumýrina, og er því að vænta að þar muni hægt að fá harðari og þurrari völl heldur en í Vatnsmýrinni. b) Betri inn- og útflugsskilyrði.“
*Bréf Flugmálafélags Íslands, dagsett 24.maí 1939.*




“Húsameistari ríkisins var þeirrar skoðunar, að völlur á þessum stað, væri mjög óheppilegur, og hefði verið máli þessu frá byrjun andvígur. Vildi ekki hafa völlinn innan takmarka bæjarins.”
*Gerðabók Skipulagsnefndar ríkisins 1938-1964. Fundur 5. mars 1940.*

1934-1940

„Reykjavík er borg í hröðum vexti. Ef ekki kemur eitthvað sérstakt fyrir, sem dregur úr vexti borgarinnar, munu ekki líða mörg ár, þar til samfelld bygging er orðin alla leið suður að Skerjafirði, bæði fyrir austan og vestan íþróttasvæðið og flugvöllinn. Þá verður flugvöllurinn kominn inn í borgina.“
*Morgunblaðið, 30. maí 1940, forystugrein*






# Morgunblaðið

130. tbl. — Þriðjudagur 9. júlí 1946

## Virðuleg athöfn við afhendingu flugvallarins

### Huseby og Finnbjörn unnu Svíana

Huseby á nýju Íslandsmeti — 15,69 m

### Forsætisráðherra flytur Bretum þakkir

### Umræður um lánið til Breta á Bandaríkjaþingi

### Íslenska landsliðið að mestu fullskipað

### Prestvígsla á Akureyri

### Liðsforingja myrtir

1940-1946

20 síður

# Morgunblaðið

44. árgangur. 240. tbl. — Miðvikudagur 23. október 1957. Prentsmiðja Morgunblaðsins

## Frelsisbaráttu Ungverja minnzt um allan heim

23. október 1956 — 23. október 1957



### Landflótta ritstjóri talar á fundi „Frjálsrar menningar“ 3. nóvember

Ný bók um þjóðbyltinguna

„...á fundi bæjarstjórnar þann 7. nóvember 1957 lögðu Guðmundir H. Guðmundsson fulltrúi sjálfstæðismanna og Alfreð Gíslason fulltrúi sósíalista fram eftirfarandi tillögu: „Bæjarstjórn Reykjavíkur lítur svo á, að staðsetning Reykjavíkurflugvallar miðsvæðis í bænum sé bæjarfélaginu mjög óhagkvæm og því óviðunandi til frambúðar. Fyrir því ályktar bæjarstjórnin að stefna beri að því, að núverandi flugvöllur verði lagður niður eins fljótt og fært þykir. Skal að því unnið, að bæjarfélagið fái umráðarétt á landssvæði vallarins, ásamt óbyggðu umhverfi hans, og við skipulagningu bæjarins framvegis við það miðað, að allt þetta landssvæði verði hagnýtt til eðlilegrar stækkunar bæjarins.“

Valdimar Kristinsson:

# Skipulag Reykjavíkur og flugvöllurinn

## Leggja þarf grundvöll að nýjum „miðbæ“ af stórhug og framsýni

I.

VÖXTUR REYKJAVÍKUR

Þótt ekki séu liðin nema um hundrað ár, síðan veruleg byggð tók að myndast í Reykjavík, bera eldri hlutar bæjarins greinilegan vott um lítið eða ekkert skipulag í byrjun. Og síðan hefur það orðið hlutskipti Reykjavíkur, eins og flestra annarra borga, að myndast smám saman, án þess að nokkru sinni væri framsýni og fjármagn fyrir hendi, til að gera stórfelldar áætlanir fram í tímann, ásamt nauðsynlegum byrjunarframkvæmdum.

Á síðari árum hafa þessi mál verið tekin öðrum tökum en áður var. Og vart er hægt að áfellast forráðamenn hinna 2500 Reykvíkinga árið 1860, eða þá, sem réðu fyrir málum hinna 11.600 bæjarbúa árið 1910, þótt þá renndi ekki grun í, að í ársbyrjun 1956 yrðu Reykvíkingar orðnir 64.000, og 9.000 bifreiðir yrðu í bænum.

Gera verður ráð fyrir, að Reykjavík og Hafnarfjörður hafi fullkomlega byggzt saman um næstu aldamót, m. a. með veru-



Götumynd í Reykjavík framtíðarinnar?

nema tvær flugbrautir. Enda er ein af þremur núverandi flugbrautum langminnst notuð, og í neyðartilfellum mætti alltaf fljúga til Keflavíkur.

Vegna byggðar Reykjavíkur væri nýr flugvöllur sjálfsagt bezt kominn í hrauninu fyrir sunnan Hafnarfjörð nálægt Krýsuvíkurveginum. Annars hefur verið sagt, að heppilegasti staðurinn væri á Álftanesi. Álftanes má helzt ekki skerða mikið, því þar munu verða dýrmætar byggingarlóðir áður en varir. Heppilegt væri, ef nota mætti Bessastaðanesið, og er sú hugmynd sýnd á meðfylgjandi teikningu.

Margoft hefur verið rætt um nauðsyn þess að byggja nýja flugstöðvarbyggingu, fyrir skrifstofur flugumferðarstjórnar, flugmálastjóra og flugfélaganna, ásamt farþegaafgreiðslu, veitingasal og öðru því, sem viðkemur fluginu. Sú ágæta tillaga hefur komið fram, að í sömu byggingu verði umferðarmiðstöð fyrir langferðabifreiðir og strætisvagnastöð. Staðsetning hefur verið hugsuð í Aldamótagörðun-




1957


VÍSIR
9
# Hvar verður framtíðarflug-völlur Reykjavíkur?
## Fjórir möguleikar nefndir í áliti flugvallarnefndar
Reykjavíkurflugvöllur.
1.
Skerjafjörður
Bessastaðir
Lambhúsatjörn
Arnarnes-vogur
Garðahraun
2.
Örfirisey
Kársnes
Rauðarár-vík
Fossvogur
Kópavogskaupstaður
Kársnes
3.
Skerjafjörður
Bessastaðir
Gálgahraun
Reykjavík 14 km
Hafnarfjörður
Kapelluhraun
?



1960-1973



88 SÍÐUR B/C

# Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

173. tbl. 76. árg. MIÐVIKUDAGUR 3. ÁGÚST 1988 Prentsmiðja Morgunblaðsins

## Fórst fyrir augum fjölda fólks

Tillögur Pretoríu-stjórnarinnar:

## Suður-Afríkuher frá Namibíu í nóvember

Noregur:

## Fangar misnota mannúð

Pik Botha

Indland:

## Eitruð matarolía lamar fjögur hundruð

## Úr tillögum nefndar samgönguráðherra árið 1990:

...Æfinga-, kennslu- og einkaflug fái aðstöðu á nýjum flugvelli í nágrenni höfuðborgarinnar

...Hætt verði notkun á NA/SV-braut (07-25) og henni lokað

...Ferjuflugi og millilandaflugi einkaflugvéla, öðru en sérstöku gestaflugi, verði beint á Keflavíkurflugvöll

...Gas- og olíugeymar í Skerjafirði verði fjarlægðir

1988

## Segir Vatnsmýrina ótvírætt hagkvæmasta flugvallarsvæðið



Flugmálastjórn

Í einni hugmynd ráðgjafa og arkitekta er gert ráð fyrir flugstöð og samgöngumiðstöð í og við Hótel Loftleiðir, auk almenns skrifstofu- og viðskiptahúsnæðis. Flugstöðin yrði á fyrstu hæð hótelsins og í glerskála út frá henni en samgöngumiðstöðin þar til hliðar.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri kynntu hugmyndir um uppbyggingu á Reykjavíkurflugvelli. Sturla segir að aðrir kostir en endurbyggður flugvöllur á núverandi stað og flutningur innanlandsflugs til Keflavíkur séu ekki raunhæfir.

# Nýtt byggingarsvæði innan vallargirðingar

VERULEGT byggingarsvæði myndast á háskóla- og Skerjafjarðarsvæðinu samkvæmt tillögum um nýtt skipulag Reykjavíkurflugvallar í núverandi mynd sem unnar hafa verið fyrir Flugmálastjórn og mikil uppbygging viðskipta- og þjónustuhúsnæðis er möguleg í tengslum við nýja samgöngumiðstöð. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að aðrir kostir en endurbyggður Reykjavíkurflugvöllur á núverandi stað og flutningur miðstöðvar innanlandsflugs til Keflavíkurflugvallar séu ekki raunhæfir. Telur hann Reykjavíkurflugvöll í Vatnsmýrinni ótvírætt hagkvæmustu lausnina.

Samgönguráðuneytið og Flugmálastjórn boðuðu til blaðamannafundar í gær vegna umræðna um þær fimm tillögur um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar í framtíðinni sem borgarstjóri kynnti fyrr í vikunni vegna atkvæðagreiðslu meðal



Tillaga að nýju skipu-

lokað þegar fram líða stundir, í samræmi við deiliskipulag, en norður-suður- og austur-vestur-brautirnar haldist óbreyttar. Flugstarfsemin flytjist að mestu á austurhluta svæðisins, á svæðið frá Nauthólsvík að Tanngarði neðan Hringbrautar, og að aðsetur einkaflugs færist með tíð og tíma á nýjan flugvöll.

Ráðgjafarnir hafa skilað þremur tillögum sem gera ráð fyrir mismunandi staðsetningu samgöngumiðstöðvar og flugskýla. Flugstöð er samkvæmt núgildandi skipulagi ætlaður staður syðst á svæðinu, við flugskýli Landhelgisgæslunnar.

Talið er nokkuð þröngt um samgöngumiðstöð þar vegna áætlana um aukningu í innanlandsflugi á næstu árum og áratugum og það er einnig talinn löstur á fyrirkomulaginu að þá yrðu flugskýlin að vera nyrst á svæðinu, meira inni í borginni. Önnur hugmyndin er að hafa samgöngumiðstöð í norðurhluta svæðisins, en þar

# „Gert er ráð fyrir að NA/SV brautin verði lögð niðu

- HÉR
  BLA



Friðrik Pálsson, formaður Hollvina Reykjavíkurflugvallar:

## Reginfirra að borgin tapi engu

**– við það að missa 1100 starfsmenn og 11 milljarða beina veltu**

„Þetta er auðvitað slík reginfirra að það tekur engu tali," segir Friðrik Pálsson, formaður Hollvina Reykjavíkurflugvallar, um þau orð borgarstjóra í DV-yfirheyrslu á mánudag að Reykjavíkurborg tapi engum beinum tekjum á brotthvarfi vallarins.



Friðrik Pálsson.

„Ef Reykjavíkurborg tapar engu á því að flugvöllurinn fari þaðan með sína 1100 starfsmenn, 11 milljarða beina veltu og um 16 milljarða í viðbót í kringum ferðaþjónustuna þá getum við eins tekið hvaða annað fyrirtæki sem er í bænum og sagt að ef það fari þá hljóti annað fyrirtæki að koma í staðinn. Við getum þá líka sagt að við sjáum ekki eftir neinu fyrirtæki eða neinni atvinnustarfsemi sem fer út úr bænum. Þessi sömu rök hljótum við þá að geta notað um hafnirnar og ýtt þeim í burtu.

Við höfum bent á að flugvöllur er gríðarlega sérhæfð þjónusta og í kringum flugvelli byggist yfirleitt mikil byggð og mikil atvinnustarfsemi eins og gerist í kringum allar samgöngumiðstöðvar.

### Þrenn samtök í baráttu

Hollvinir Reykjavíkurflugvallar eru einu formlegu samtökin sem hafa það að markmiði að berjast fyrir áframhaldandi tilveru flugvallar í Vatnsmýrinni. Á móti Hollvinum starfa tvenn samtök andstæðinga vallarins, 102 Reykjavík og samtökin Betri byggð.

„Við finnum fyrir vaxandi skilningi á því hvað höfuðborgarhlutverkið skiptir Reykjavík miklu máli," segir Friðrik Pálsson, formaður Hollvina. „Atvinnulífið í borginni og flugvöllurinn og hans hlutverk eru allt saman ein órofa heild. Við erum sannfærð um það að ef flugvöllurinn færi til Keflavíkur myndi það hafa gríðarleg neikvæð áhrif fyrir atvinnustarfsemina í borginni og einnig mjög neikvæð áhrif á hlutverk höfuðborgarinnar. Þar eru menn að tala um stjórnsýsluhlutverk, menningarhlutverk, þætti ferðaþjónustunnar, hlutverk á sviði heilbrigðisþjónustu og svo mætti lengi telja. Það hefur verið sátt um það að stærsti hlutinn af þjónustu ríkisins við landsmenn væri af praktískum ástæðum hafður í Reykjavík."



**Tillögur samgönguráðherra og Flugmálastjórnar**

*Gert er ráð fyrir að NA/SA-flugbraut verði lögð niður og flugstarfsemi flutt á einn stað austan flugbrauta. Við það losni umtalsvert byggingaland, m.a. í næsta nágrenni Háskóla Íslands og Landspítala.*

– Nú nefna andstæðingar ykkar að flugvöllur og miðbær höfuðborgar fari ekki saman. Eru það ekki næg rök fyrir brotthvarfi vallarins?

„Flugvöllur og miðbær hafa samrýmst hér í Reykjavík í sextíu ár. Vegna þess hvað völlurinn hefur verið nærri miðborginni hefur Reykjavík m.a. haldið þeirri sterku stöðu sem hún hefur haft. Aðalatriðið er að við getum ekki byrjað á öfugum enda. Við tökum ekki aðalsamgönguæð borgarinnar og landsins, ákveðum að hún eigi að fara og þá án þess í fyrsta lagi hvert hún á að fara eða hvenær hún á að fara. Þá verða líka að liggja fyrir ítarlegar athuganir á því til hvers sá brottflutningur muni leiða, bæði fyrir borgarbúa og síðan fyrir alla aðra sem þurfa að sækja þjónustu til borgarinnar.

Ég hef leyft mér að kalla útspil Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra og Flugmálastjórnar tillögu að þjóðarsátt. Þar var aðalatriðið að flugvöllurinn færi ekki út úr borginni fyrr en önnur samsvarandi jafn góð lausn hefur fundist til að hann þjóni því hlutverki sem honum ber," segir Friðrik Pálsson og leggur mikla áherslu á að Reykvíkingar nýti sér rétt sinn og taki þátt í kosningunni um flugvöllinn. -HKr.

# Samkomulag um samgöngumiðstöð og lokun þriðju brautar 2005






Sturla Böðvarsson,
samgönguráðherra

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
borgarstjóri

„Samgönguyfirvöld loki NA/SV flugbraut á Reykjavíkurflugvelli í síðasta lagi árslok 2005“

# Samkomulag um samgöngumiðstöð og lokun þriðju brautar 2009



# Samkomulag um flugstöð og lokun þriðju brautar apríl 2013







# Samkomulag um innanlandsflug, stofnun Rögnunefndar og lokun þriðju brautar október 2013



# Samkomulag um innanlandsflug október 2013

**i. Auglýstu deiliskipulagi fyrir stækkun alþjóðlegu flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Vatnsmýri verði samþykkt**

**ii) Endurskoðun á deiliskipulagi fyrir flugvallarsvæðið verði lokið og að tilkynnt verði um lokun NA/SV-brautarinnar samhliða auglýsingu þess, síðar á þessu ári. Samtímis skal endurskoða núgildandi skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll til samræmis.**

**iii) Þegar lokun NA/SV brautarinnar hefur verið staðfest verða ný lendingarljós tekin í notkun í samræmi við breytt deiliskipulag og nauðsynlegur fjöldi trjáa í Öskjuhlíð felldur**

# Stefna XD um tveggja brauta völl frá 2011

„Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í síðasta mánuði lagði undirritaður [Njáll Trausti Friðbertsson] fram eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

**…Grunnforsenda er að þar séu reknar tvær flugbrautir til frambúðar".** Tillagan var samþykkt með afgerandi stuðningi fundarmanna. Stefna Sjálfstæðisflokksins í málefnum Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni er því skýr.“



# Úr dómi hæstaréttar

„Engin áhættu-, nothæfis- eða öryggissjónarmið girðir fyrir lokun NA/SV- flugbrautarinnar (…) Því standi engin öryggissjónarmið í vegi fyrir því að gefin verði út tilkynning um lokun flugbrautarinnar“

„Flugbrautin sé oft á tíðum ekki mokuð á veturna og því ekki opin fyrir umferð (…) þá hafi flugbrautin verið notuð sem biðstæði fyrir einkaflugvélar til lengri eða skemmri tíma án þess að það hafi hamlað daglegum rekstri flugvallarins“

# Úr dómi hæstaréttar

„…að lokun flugbrautarinnar muni ekki hafa meiri áhrif á notkun eða rekstrarleyfi flugvallarins en gera mátti ráð fyrir í október 2013 miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir.“







# Umræða um Reykjavíkurflugvöll

Borgarstjórn 16. júní 2020

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri**